

Auður Capital fær starfsleyfi

Auður Capital hefur fengið leyfi Fjármálaeftirlitsins sem verðbréfafyrirtæki, að því er fram kemur í tilkynningu Auðar í gær.

Félagið býður fjárfestingar- tengda þjónustu á sviði eignastýringar og fyrirtækja- ráðgjafar auk þess að stýra fagfjárfestasjóðum.

„Auður leggur áherslu á óháða fjármálaráðgjöf, áhættu- meðvitund og samfélagslega ábyrgð,“ segir í tilkynningu félagsins en þar kemur jafnframt fram að Auður Capital hafi þegar ráðið tólf manna teymi með „viðamikla alþjóðlega reynslu af fjármálamörk- uðum og rekstri“.



Á FUNDI Halla Tómasdóttir er starfandi stjórnarformaður Auðar Capital, en það er verðbréfafyrirtæki sem vill nýta tækifæri í mann- og fjárauði kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

- óká

